



Fundargerð

Dags.: 2024-01-08

Efni: Samvinna Grímsnes- og Grafningshrepps, Flóahrepps og Sveitarfélagsins Árborgar.
Kaldavatnsöflun úr Kaldárhöfða

Dagsetning og tímasetning: Austurvegi 67, Selfossi. Fundur settur kl. 15:30.

Fundargerð ritaði Ragnar Guðmundsson.

Mætt:

Ragnar Guðmundsson, Grímsnes- og Grafningshrepp,
Iða M. Jónsdóttir, Grímsnes- og Grafningshrepp,
Smári B. Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshrepp,
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélaginu Árborg,
Bragi Bjarnason, Sveitarfélaginu Árborg,
Árni Eiríksson, Flóahrepp,
Heimir Rafn Bjarkason, Flóahrepp,
Hulda Kristjánsdóttir, Flóahrepp.

Fundarefni:

- Ragnar fer yfir stöðu á verki og minnisblöð tengd verkinu:
 - Minnisblað frá GOGG, dagsett 8.12.23 um verkstöðu í desember 2023.
 - Minnisblað frá ÍSOR, dagsett 5.12.23 um samantekt um borun rannsóknarholna við Kaldárhöfða.
- Grímsnes- og Grafningshreppur leggur fram uppgjör á kostnaði við boranir og rannsóknir skv. bókun fyrri fundargerðar dags. 29.08.23.
- Næstu skrefi í verki:
 - Greinargerð til Ríkiseigna vegna afgangis. Lagt til að Iða hafi samband við Lögmenn skv. fyrri bókun fundargerðar dags. 29.08.23. Lagt til að Lögmenn skili minnisblaði sem afurð verksins sem sent verður á fundarmenn og Ríkiseignir til umfjöllunar. Kostnaði vegna lögfræðilits verði skipt jafnt á milli aðildarsveitarfélaga og gert upp í árslok.
 - Frekari boranir
 - Lagning aðkomuvegs og borplans. Lögð fram tillaga að aðkomuvegi að núverandi rannsóknarholum.
 - Leyfi frá landeiganda. Lagt til að GOGG hafi samband við Ríkiseignir varðandi leyfi fyrir lagningu vegar skv. tillögu.
 - Hönnun holu. Lagt til að ÍSOR hanni fyrirhugaða tilraunaholu/vinnsluholu og staðsetji hana endanlega.
 - Kostnaðar- og framkvæmdaáætlun. Lagt til að Ragnar taki saman kostnaðar- og framkvæmdaáætlun fyrir næstu holu ásamt veglagningu og borplani, eftirlitskostnaði, borkostnaði og rannsóknarkostnaði. Lagt til að áætlunin verði sett fram á minnisblað með kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga og sendi innan tveggja vikna frá fundi.



- Erindi til Landsvirkjunar
 - Fyrir liggur að kostnaður við verkið er mikill. GOGG hefur fundað með Landsvirkjun um mögulega aðkomu þeirra að verkinu m.t.t. til nærsamfélags. Lagt til að sveitarfélögin GOGG, Flóahreppur og Árborg sendi erindi á Landsvirkjun um mögulega aðkomu þeirra að verkinu og bóki um það í viðeigandi nefndum og/eða bæjar-/sveitarstjórnarfundum. GOGG ritar erindi og sendir á aðildarsveitarfélög til samþykkis.

Fundi slitið 16:00